

Kría - sprota og nýsköpunarsjóður
Ársreikningur 2022

Kría - sprota- og nýsköpunarsjóður
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

kt. 610621-2790

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og sjóðsstjóra	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymisyfirlit	6
Skýringar	7

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og sjóðsstjóra

Kría – sprota- og nýsköpunarsjóður var stofnaður með lögum nr. 65/2020. Kría er sjálfstæður sjóður sem hefur það að markmiði að stuðla að virku fjármögnunarumhverfi fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Til að ná því markmiði fjárfestir Kría í sérhæfðum sjóðum, svokölluðum vísisjóðum (e. venture capital funds) og byggir upp og miðlar þekkingu um stöðu markaðarins til stjórnvalda.

Tap ársins nam 40 þús. kr. og nam eigið fé sjóðsins í árslok 463.765 þús. kr. þar af nam stofnfé 463.804 þús. kr.

Árið 2022 markaði fyrsta heila rekstrarár Kríu, en formleg starfsemi sjóðsins hófst á árinu 2021 og það sama ár fjárfesti Kría í þremur vísisjóðum, Frumtaki 3 slhf., Eyri Vexti slhf., og Strawberry II slhf. Eðli þessara fjárfestinga er þannig að greiðslur (innkallanir) eru greiddar út yfir líftíma sjóðanna sem getur verið allt að 12 ár.

Eignir Kríu eru færðar á bókfærðu virði. Sjóðirnir sem Kría hefur fjárfest í eru skammt á veg komnir í sínum líftíma og fjárfestingaferli og undirliggjandi eignir þeirra færðir í reikningskilunum á bókfærðu virði. Þegar líður á líftíma sjóðanna mun Kría færa fjárfestingar sínar á gangvirði sjóðanna sem byggir á undirliggjandi eignum þeirra.

Á árinu 2022 var aðkomu Kríu að sjóðum sem eru gerðir upp í erlendri mynt tryggð í nánú samstarfi við Fjármálaráðuneytið og Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið. Skjalagerð vegna aðkomu Kríu að Strawberry II slhf. var kláruð á fyrri hluta ársins í seinni lokun Strawberry II. Greitt var til þeirra sjóða sem Kría var áður hluthafi í samkvæmt innköllunum. Í lok árs 2022 hefur sjóðurinn greitt 20,5% af heildarskuldbindingum sínum í þeim sjóðum sem Kría er hluthafi í, eða því sem nemur 459.082.672 kr.

Kría auglýsti eftir umsóknum um fjárfestingu frá sérhæfðum sjóðum í desember 2022, með umsóknarfrest til og með 28. apríl 2023. Fjárfestingarheimildir Kríu fyrir árið 2022 voru því fluttar milli ára, til ársins 2023. Á móti því á sjóðurinn óinnheimt loforð um stofnframlag uppá 1,8 milljarð kr. sjá nánar skýringu 5.

Yfirlýsing stjórnar og sjóðsstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur þessi gefi glögga mynd af afkomu, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs þann 31. desember 2022 og breytingar á handbæru fé á árinu 2022. Jafnframt er það álit okkar að ársreikningur og skýrsla stjórnar og sjóðsstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri, lýsi fjárhagsstöðu og helstu áhættuþáttum og óvissu sem sjóðurinn býr við. Stjórn og sjóðsstjóri hafa í dag fjallað um ársreikning fyrir árið 2022 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík,

2023

Í stjórn

Sjóðsstjóri

Rekstrarreikningur 2022

	Skýr.	2022	2021
Fjárfestingartekjur			
Vaxtatekjur		93.331	250
Gengismunur	(112.819)	0
Fjármagnstekjuskattur	(20.533)	(55)
Hreinar fjárfestingartekjur	(<u>40.021)</u>	<u>195</u>
Aðrar tekjur			
Rekstrarframlag frá Ríkissjóði	3	<u>60.000.000</u>	<u>60.000.000</u>
Rekstrarkostnaður			
Umsýsluþóknun	3	<u>60.000.000</u>	<u>60.000.000</u>
Rekstrarkostnaður samtals		<u>60.000.000</u>	<u>60.000.000</u>
Afkoma ársins	(<u>40.021)</u>	<u>195</u>

Skýringar á blaðsíðum 7 til 8 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum	4	459.082.672	139.980.000
Skammtímakröfur	5	506.283	0
Handbært fé		4.175.701	179.760.195
Eignir samtals		<u>463.764.656</u>	<u>319.740.195</u>
Eigið fé			
Stofnfé		463.804.482	226.740.000
Óráðstafað eigið fé		(39.826)	195
Eigið fé samtals	6	<u>463.764.656</u>	<u>226.740.195</u>
Skuldir			
Ógreidd fjárfestingaloforð	7	0	93.000.000
Skuldir samtals		<u>0</u>	<u>93.000.000</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>463.764.656</u>	<u>319.740.195</u>

Skýringar á blaðsíðum 7 til 8 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymisýfirlit árið 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarafkoma	(40.021)	195
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun)	(506.283)	0
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum			
Handbært fé frá rekstri	(546.304)	195
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í sprota og nýsköpunarsjóðum	(412.102.672)	(46.980.000)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað stofnfé		237.064.482	226.740.000
Breyting á handbæru fé	(175.584.494)	179.760.195
Handbært fé í upphafi árs		179.760.195	0
Handbært fé í lok ársins		4.175.701	179.760.195
Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa			
Fjárfesting í sprota og nýsköpunarsjóðum		0	(93.000.000)
Ógreidd fjárfestingaloforð		0	93.000.000

Skýringar á blaðsíðum 7 til 8 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

1. Sjóðurinn

Kría - sprotta- og nýsköpunarsjóður var stofnaður með lögum nr. 65/2020. Markmið laganna sem stefnt er að með stofnun Kríu er að efla vöxt og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að stuðla að virku fjármögnunarmhverfi fyrir sprotta- og nýsköpunarfyrirtæki. Samkvæmt 3. gr. laganna er hlutverk Kríu að fjárfesta í sérhæfðum sjóðum sem hafa þann tilgang að fjárfesta í sprotta- og nýsköpunarfyrirtækjum og uppfylla skilyrði laganna og reglna settra á grundvelli þeirra.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gerði samning við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins um rekstur Kríu og ráðinn var sjóðsstjóri fyrir Kríu sem hóf störf í ágúst 2021.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Ársreikningurinn byggir á reglum um kostnaðarverðsreikningsskil.

b. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikninga í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

c. Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum

Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum eru færðar á kostnaðarverði, að frádreginni virðisrýrnun, ef við á.

d. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

e. Ógreidd fjárfestingaloforð

Ógreidd fjárfestingaloforð eru loforð sem hafa verið innkölluð en ekki greidd.

3. Rekstrarframlag og umsýslukostnaður

Samkvæmt lögum skal allur kostnaður vegna reksturs Kríu greiðast af ráðstöfunarfé sjóðsins. Árið 2022 var ráðstöfunarfé Kríu 2.000 milljónir, og þar af voru 60 milljónir nýttar í umsýslukostnað samkvæmt samningi milli Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins (áður Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið) og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins sem var gerður áður en Kría tók til starfa.

Samkvæmt uppgjöri sem Nýsköpunarsjóður hefur látið stjórn Kríu í té, var kostnaður vegna reksturs Kríu 50.339.333 kr. árið 2022. Kostnaðurinn skiptist þannig

- Laun starfsmanns og stjórnar og launatengd gjöld voru 25.757.487 kr.,
- Beinn útlagður rekstrarkostnaður (t.d. lögfræðivinna) 8.023.846 kr.,
- Hlutdeild Kríu í rekstri NSA 9.850.000 kr.,*
- Hlutdeild Kríu í tveimur stöðugildum NSA 6.708.000 kr.,*

* Stjórnumerkir liðir falla undir sameiginlegan kostnað sem NSA ákvarðar að falli á Kríu miðað við samning NSA við ráðuneytið.

Í desember 2022 sagði Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið upp umsýslusamningi sínum við Nýsköpunarsjóð Atvinnulífsins. Samningurinn er með sex mánaða uppsagnarfrest og rennur hann því út 30 júní 2023.

4. Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum

Á árinu 2022 hafði Kría heimild til að fjárfesta fyrir allt að 1,940 milljarða króna (2021; 2,24 milljarða króna). Ekki var fjárfest í nýjum sjóðum á árinu, en greitt var skv. innköllun til þeirra sjóða sem Kría hafði áður skuldbundið sig í. Fjárfestingaheimild Kríu fyrir árið 2022 var færð til ársins 2023.

Árið 2022

Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eyrir Vöxtur slhf.	9,35%	186.000.000
Frumtak 3 slhf.	10,37%	197.747.860
Crowberry II slhf.	6,65%	75.334.812
		<u>459.082.672</u>

Sjóðurinn hefur veitt eftirfarandi fjárfestingarloforð:

	Heildarloforð	Innkallað	Óinnkallað
Eyrir Vöxtur slhf.	620.000.000	186.000.000	434.000.000
Frumtak 3 slhf.	810.000.000	197.747.860	612.252.140
Crowberry II slhf.*	810.000.000	75.334.812	734.665.188
	<u>2.240.000.000</u>	<u>459.082.672</u>	<u>1.780.917.328</u>

Árið 2021

Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eyrir Vöxtur slhf.	9,35%	93.000.000
Frumtak 3 slhf.	10,37%	46.980.000
		<u>139.980.000</u>

Sjóðurinn hefur veitt eftirfarandi fjárfestingarloforð:

	Heildarloforð	Innkallað	Óinnkallað
Eyrir Vöxtur slhf.	620.000.000	93.000.000	527.000.000
Frumtak 3 slhf.	810.000.000	46.980.000	763.020.000
Crowberry II slhf.*	810.000.000	0	810.000.000
	<u>2.240.000.000</u>	<u>139.980.000</u>	<u>2.100.020.000</u>

* - Crowberry II er sjóður gerður upp í EUR, heildarskuldbinding Kríu í sjóðnum nemur 5.481.041 EUR.

5. Skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur er skammtímakrafa á NSA (umsýsluaðila) vegna rekstrarkostnaðar Kríu sem greiddur hefur verið af bankareikningi Kríu en ekki bankareikningi NSA eins og venjan er skv. umsýslusamningi.

Skýringar frh.

6. Eigið fé

Breytingar á eigin fé sjóðsins greinast þannig:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Stofnfé 1.1.2022	226.740.000	195	226.740.195
Innborgað stofnfé	237.064.482		237.064.482
Rekstrarafkoma ársins		(40.021)	(40.021)
Stofnfé 31.12.2022	<u>463.804.482</u>	<u>(39.826)</u>	<u>463.764.656</u>

Ríkissjóður hefur skuldbundið sig til að greiða viðbótar stofnfé í samræmi við fjárheimildir í fjárlögum ársins. Óinnheimt stofnfé nam í árslok 2022 1,776 milljörðum kr. (2,24 milljarðar samtals í fjárfestingarheimild 2021 – 463,8 m króna sem hefur verið greitt frá ríkissjóði til Kríu)

6. Ógreidd fjárfestingaloforð

Ógreidd fjárfestingaloforð greinast þannig:

	2022	2021
Eyrir Vöxtur slhf.	<u>0</u>	<u>93.000.000</u>